

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 1993

7. júlí 1993

531

Nr. 288

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku
fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína,
sbr. breytingu með reglugerð nr. 497/1992.

1. gr.

1. mgr. 15. gr. rg. nr. 32/1990, sbr. 5. gr. rg. nr. 497/1992 orðist svo:

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skal reiknuð eftir seldum afurðum þannig að endurgreitt verði:

Fyrir hvert kg svínakjöts	4.9 kg fóðurs
Fyrir hvert kg eggja	3.2 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjúklinga- og alifuglakjöts	3.7 kg fóðurs
Fyrir hvert kg kjöts af öðrum alifuglum	3.7 kg fóðurs

2. gr.

4. mgr. 15. gr. rg. nr. 32/1990, sbr. rg. nr. 497/1992, orðist svo:

Egg sem fara til útungunar reiknast þannig, að fyrir hvert kg eggja til framleiðslu holdakjúklinga reiknist 8,1 kg fóðurs og fyrir framleiðslu eggja til eldis varpflugla, reiknist 4,5 kg fóðurs á kg eggja. Þeir framleiðendur sem fá endurgreitt skv. þessari málsgrein, skulu mánaðarlega skila skýrslum um útungun og ráðstöfun framleiðslunnar til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. ágúst 1993.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. júlí 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

7. júlí 1993

Nr. 289

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 118 11. maí 1993, um humarveiðar 1993.

1. gr.

Við 10. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að framselja minna aflamark í humri til báta, sem stunda rækjuveiðar á Eldeyjarsvæði og ekki hafa humaraflahlutdeild fyrir. Aflamark það sem framselt er má þó aldrei vera hærra en nemur eðlilegum humaraukaaflla við rækjuveiðarnar að mati Fiskistofu.

Steindórsprent Gutenberg hf.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 290

12. júlí 1993

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin

1. stöðvunarskylda á Bólstaðarhlíð við Lönguhlíð.
 2. stöðvunarskylda á Porragötu við Suðurgötu.
 3. stöðvunarskylda á Laugarásvegi við Sundlaugaveg.
 4. stöðvunarskylda á Fálkabakka við Arnarbakka.
 5. biðskylda á Bragagötu við Bergstaðastræti.
 6. stöðvunarskylda á Hvera- og Frostafold við Fjallkonuveg.
- Ennfremur hefur verið ákveðið
1. að biðskylda verði á húsagötu frá húsum nr. 17–23 við Sólheima.
 2. að biðskylda verði á húsagötu frá húsum nr. 23A–27 við Sólheima.
 3. að biðskylda verði á Gladhheimum við Sólheima.
 4. að biðskylda verði á húsagötu, botngötu, frá nr. 10–24 við Gladhheima.
 5. að biðskylda verði á Godheimum við Gladhheima.
 6. að biðskylda verði á Godheimum við Sólheima.

Ákvörðun þessi tekur gildi 28. júlí 1993.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. júlí 1993.

Böðvar Bragason.

Nr. 291

16. júlí 1993

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu skyldusparnaðar til námsmanna.

1. gr.

Sá sem stundað hefur eða mun fyrirjáanlega stunda nám í sex mánuði samfelld samkvæmt vottorði skóla, á rétt á endurgreiðslu skyldusparnaðar út árið 1993.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 61/1993 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988 með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júlí 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.